



Landssamband æskulýðsfélaga

6. fundur stjórnar 2009 – 2010

Haldin í Hinu húsinu

27. október 2009

Mættir: Unnur Hjálmsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE), Auður Geirsdóttir (AuG) og Arnþór Gíslason. Foföll boðuðu Rakel Brynjólfssdóttir (RB) og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri.

Fundur settur: 19:35

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lög fram og samþykkt samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

Þar sem HTF var fjarverandi fór UH lauslega í gegnum mál frá framkvæmdastjóra. Sagt var frá því að bæði nýstofnað félag Ungra Evrópusinna og Ungmennráð Blóðgjafafélagas Íslands sem er í mótun hafi velt þeim möguleika fyrir sér að sækja um aðild í LÆF. Einnig hafa ungir bændur stofnað með sér samtök.

UH sagði frá því að hún og HTF hefðu hitt Erlend Kristjánsson og Valgerði Bjarnadóttur hjá MRN á fundi þar sem farið var yfir þau verkefni sem LÆF er að vinna að og þau verkefni sem ráðuneyti stendur fyrir um þessar mundir.

Önnur málefni sem átti að upplýsa um og ræða var frestað til næsta fundar þegar HTF væri viðstödd.

3. Frá æskulýðsráði

SSE sagði frá því að halda ætti samráðsfund um Æskulýðsráð þann 4. nóvember n.k. LÆF hefur þegar fengið boð á fundinn. Á fundinum eiga að fara fram opnar umræður um hvað Æskulýðsráð eigi að gera.

4. Fulltrúaráðsfundur

Samþykkt var að halda fulltrúaráðsfund annað hvort 3. eða 10. nóvember eftir því hvað hentaði betur. Fundurinn yrði stuttur og myndi standa frá kl. 19:00-21:00.

5. Dagskrá vetrarins

Rætt var um nýafstaðið PR námskeið. Þangað var vel mætt. Farið var yfir tillögu að dagskrá fram á vor og var ánægja með tillögunu. Hugmynd kom upp að hafa kynningu á Nordbuk.

6. Fundur með þingmönnum og fjárlaganefnd.

Búið er að óska eftir fundi með fjárlaganefnd. Auk þess sem bréf hefur verið sent út til allra alþingismanna. Tvö svör bárust.

7. Alþjóðastarf

- a) SSE sagði frá Skype fundi sem hann átti um atvinnumálaverkefni á vegum YFJ. Þar kom fram vilji til að halda námskeið í training for trainers á Íslandi og þyrftum við þá að fjármagna það. Einnig er komið nafn á heimasíðuna Youth in Action in Europe.
- b) SG fundur sem HTF sótti í Brussel. Umræðu frestað þar til HTF kemur á fund.
- c) UH sagði frá því að COMEM fundur YFJ væri á næsta leiti og þar yrðu teknar fyrir lagabreytingatillögur sem LÆF lagði til í samstarfi við LiJOT og DUF.
- d) NBCM – frestað þar til HTF kemur.
- e) Ósk um að sækja námskeið í desember – Beðið eftir HTF
- f) Skýrslur frá Prag, Svíþjóð og Brussel, engin skýrsla endanlega tilbúin enn.

8. Bréf og önnu skjöl sem þarfnast afgreiðslu

- a) Beiðni frá Evrópuráðinu um félag sem vinna með less advange people – beðið eftir HTF.

9. Önnur mál

- a) Rætt um að sækja um að halda námskeið í Kompás – námsefni í mannréttindafræðslu þegar hann kemur út.
- b) Rætt um tillögu að halda opið hús aðildarfélaga LÆF og hvernig væri best að fjármagna það.
- c) UH sagði frá hópnum innan Velferðavaktarinnar sem fjallar um ungt fólk á aldrinum 15.-25 ára. UH hafði rætt stuttlega veið formann stýrihóps Velferðavaktarinnar og kom þar fram að LÆF ætti að tala við formann Unga fólks hópsins vildu þau vera með. Samþykkt að LÆF myndi reyna koma sér í hópinn.
- d) Boð hafði borist um að LÆF fundi með formanni stýrihóps um Sóknaráætlun ríkistjórnarinnar. Samþykkt að UH, SSE og HTF sækja þann fund fyrir hönd LÆF.
- e) Rætt var um spurningakönnun til aðildarfélaga. AG tók að sér að gera uppkast og setja á googledocs.
- f) AuG sagði frá því LÆF biðist að setja inn spurningar í könnun sem nemendur í HR gera meðal mannauðsstjóra í 100 stærstu fyrirtækjum á Íslandi. AuG mun hafa umsjón með að koma spurningum á framfæri við nemendurnar.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 20:31

Fundargerð ritaði:
Auður Geirsdóttir
gjaldkeri